

Reykjavík, 22.5.2024

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndarsvid@althingi.is

Varðar: 937. mál. Umsögn Rithöfundasambands Íslands um frumvarp um breytingar á lögum um listamannalaun, þingskjal 1384 — 937. mál.

Rithöfundasamband Íslands styður í meginráttum þau drög að frumvarpi sem nú eru í samráðsgátt og vill áréttu mikilvægi listamannalauna fyrir allt menningarlíf á Íslandi. Í stóra samhenginu eru þetta ekki miklir fjármunir en gríðarlega mikilvæg fjárfesting fyrir þjóðina, fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka í betra mannlífi, lýðheilsu og landkynningu, auk þeirra margfeldisáhrifa sem listsköpun veldur, m.a. með fjölda afleiddra starfa og öðrum hagrænum áhrifum.

Eins og rakið er í frumvarpinu eiga listamannalaun sér langa sögu hér á landi en voru framan af í mýflugumynd og veitt einstaka höfundum með fremur ófaglegum hætti. Þegar því kerfi sem við þekkjum nú var komið á árið 1992 olli það byltingu sem hefur ekki einungis gert fjölda íslenskra listamanna kleift að stunda list sína og aukið lífsgæði landsmanna heldur hefur það valdið margföldunaráhrifum sem ekki sér fyrir endan á, meðal annars með landvinningum fjölda íslenskra listamanna á erlendri grund, ekki síst rithöfunda. Þökk sé listamannalaunum eiga Íslendingar rithöfunda sem skrifa heimsbókmenntir sem lesnar eru um heim allan. Án listamannalaunakerfisins væri það óhugsandi. Það sama á við um aðrar listgreinar.

Íslendingum fjölgar ört og við erum fyrir löngu komin í skuld hvað varðar fjölda þeirra mánaðarlauna sem úthlutað er. Árið 1992, þegar núverandi kerfi var komið á, voru landsmenn einungis um 260.000. Síðustu lagabreytingar áttu sér stað árið 2009, í kreppuástandi þar sem stjórvöld, með AGS á herðunum, sáu sér ekki fært að fjölga mánaðarlaunum eins og eðlilegt hefði verið. Síðan þá hefur landsmönnum fjölgað um 20%. Ef til vill væri eðlilegt að tengja mannfjölgun við fjölda úthlutaðra mánaða í lögnum, í stað þess að leiðrétta með nýrri lagasetningu nokkrum sinnum á öld.

Þrátt fyrir að RSÍ sé í meginráttum ánægt með það sem lagt er til í frumvarpinu getum við ekki annað en gagnrýnt hve rýr hlutur rithöfunda í fjölgun mánaða er. Hlutfallslega er hann mun minni en allra annarra greina. Við erum meðvituð um að hingað til hafa rithöfundar hlotið flesta mánuði og árangurshlutfall þeirra hefur verið skárra en flestra annarra. Listgreinarnar eru þó afar ólíkar og tekjumöguleikar rithöfunda eru mun lakari en margra annarra listamanna, sérstaklega núna þegar stór hluti bókmenntaneyslu landsmanna er að færast yfir til streymisveitna en afgangur höfunda af streyminu er nánast ekki neitt. Þá hefur

bókverð lækkað töluvert að raungildi (og þar með tekjur höfunda af bóksölu) og eintakasala bóka dregist verulega saman á síðustu árum. RSÍ leggur því áherslu á að mánuðum verði fjölgað svo sjóður rithöfunda stækki til jafns við aðra sjóði. Við teljum það ekki einungis réttlætismál heldur einnig afar góða fjárfestingu eins og dæmin sanna.

Þá má benda á að sama þróun á sér stað erlendis; eintakasala bóka í flestum löndum hefur minnkað á kostnað streymisins sem gefur litlar tekjur. Vegna þessa ástands ná mun færri íslenskir höfundar nú að selja verk sín erlendis en fyrir nokkrum árum og hafa tekjur þeirra dregist saman sem því nemur.

Við fögnum nýju sjóðunum en viljum benda á að varasamt getur verið að miða við aldur í Vexti. Rithöfundar hefja feril sinn oft mjög seint á starfsæfningu og hafa jafnvel átt annan feril í listum áður en þeir gefa út sína fyrstu bók. Þetta á ekki síst við um konur. Okkur þætti því eðlilegra að miða hér við nýliða óháð aldri, þ.e. fólk sem ekki hefur hlotið úthlutun áður og er að hasla sér völl.

Launasjóðurinn er grunnforsenda þess að hér sér hægt að hafa atvinnu af ritstörfum. Íslenskir rithöfundar finna til ábyrgðar gagnvart tungumálinu okkar, íslenskunni. Það er okkar að nota það og miðla til komandi kynslóða. Það getum við ekki gert án stuðnings og auðvelt væri að rökstyðja að sjóður rithöfunda ætti að vera margfalt stærri. Á honum hvílir menntakerfið, menningin og sjálfsmynd þjóðarinnar.

Þær listgreinar sem falla undir lögin eru um margt ólíkar og passa misvel inn í ramma laganna. Við teljum æskilegt að svigrúm sé í lögunum til að laga regluverkið að hverri grein fyrir sig í reglugerð.

Þá getum við ekki annað en minnst á hversu lágar greiðslur úr launasjóðnum eru. Þar sem þeir listamenn sem hljóta 6, 9 eða 12 mánaða úthlutun mega ekki stunda aðra atvinnu nema sem nemur 33% má segja að úthlutun úr sjóðnum, eins kærkomin og hún er flestum listamönnum, sé hálfgerð fátæktargilda. Það er afar erfitt fyrir flesta listamenn að ná endum saman á þessum kjörum og hækka þyrfti fjárhæðir listamannalauna ríflega. Þá er sá ófyrirsjáanleiki sem felst í kerfinu gríðarlega erfiður. Sækja þarf um árlega og höfundar vita ekki fyrr en um áramót hvort þeir séu á starfslaunum næsta árið eða hve marga mánuði. Það er ófyrirsjáanleiki sem er nánast óþekktur á vinnumarkaði á 21. öldinni.

Fulltrúar Rithöfundasambandsins óska eftir því að koma fyrir nefndina til að fara yfir sjónarmið sín.

F.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Margrét Tryggvadóttir formaður